

1. mars 2019 | Dans | 604 orð | 3 myndir

Hátíð ólíkra örverka

Ég býð mig fram er tilraunakenndur vettvangur þar sem mörkin milli listgreina eru afmáð, og gleðin, íróinan, hið persónulega, líkaminn og dansinn fær að ríkja.

Af listum

Nína Hjálmarsdóttir

ninahjalmars@gmail.com

Listsýningin Ég býð mig fram – séria 2 var frumsýnd í Tjarnarbíói í síðustu viku. Í raun er hér um að ræða sambjappaða listahátíð, samsafn fjórtán örverka sem sýnd eru á einu og sama kvöldinu. Fjögur verkanna eru sýnd í anddyrinu en hin tíu á svíði. Unnur Elísabet Gunnarsdóttir, dansari, er listrænn stjórnandi og leikstjóri hátíðarinnar. Einnig er hún flytjandi flestra verkanna.

Verkin eru ólík, allt frá því að vera dansverk yfir í að vera vídeóverk, myndlist, gjörningar eða leikatriði. Ekkert þema liggar til grundvallar og virðast verkin í raun lítið eiga annað sameiginlegt en að vera sýnd á sama vettvangi og af sama flytjanda. Af verkunum sem sýnd eru í anddyrinu vekur gjörningur Almars Steins Atlasonar sérstaka athygli.

Gjörningurinn felst í því að Almar býður gestum að teikna húðflúr á líkama sinn. Hann sjálfur er umvafinn svörtu efni, óþægilegt lúkk sem minnir á kynferðisblæti og drottunum. Gjörningurinn nær að vera fallegur og hrollvekjandi á sama tíma, vekur spurningar um hvaða traust við berum hvert til annars og hvers virði líkaminn er okkur. Ennfremur vaknar sú spurning hver sé raunverulegi höfundurinn, húðflúrarinn eða listamaðurinn.

Af verkunum á svíðinu má sérstaklega nefna örleikritið 1925, eftir Ingvar E. Sigurðsson. Í fyrstu virðist sem um dæmigerðan sveitarómans sé að ræða en fljótt er byrjað að flakka á milli einlægni og írónu og verkið snýr rækilega upp á væntingar áhorfenda. Þannig leikur höfundur sér með grónar hugmyndir okkar um „Gamla Ísland,“ og kristallar um leið einhverja djúpa þörf hjá okkur til að ögra eigin þjóðerniskennd. Fleiri verk eru eftirminnileg, og þá sérstaklega þau sem byggjast á einfaldri og skýrri hugmynd og komast því á dýptina á þeiri stuttu stund sem þau vara. Sem dæmi má nefna PEPP Álfurðar Helgu Örnólfssdóttur sem má skilja sem ádeilu á sjálfshjálparmanu samtímans, og líka verkið Framboð (og eftirspurn) eftir Grétu Kristínú Ómarsdóttur, sem verður til á staðnum í samvinnu við áhorfendur og virkjar meðvirkni þeirra.

Það er ósjálfrátt á svona hátíð að maður reynir að finna tengingar og skilja heildarmyndina, finna einhvern æðri boðskap. Titill hennar og kynningarefnir yttir einmitt undir þessa tilfinningu. Maður veltir t.d. fyrir sér hvað felst í því að á veggspjaldi hátíðarinnar er birt mynd af aðallistakonunni fyrir framan forsetasetrið á Bessastöðum, klædd eins og fegurðardrottning. Þá ennfremur eru búnar til ákveðnar tengingar á milli verka með því að klæða upp leikara í hlutverk sætabísis frá fyrrihluta síðustu aldar, góð nálgun til að halda uppi stemningunni í stuttu hléunum en þó svolítið ruglandi þar sem tengingin við heildarkonseptið er óljós. Mögulega hefði verið betra að skafa þetta allt burt og leyfa kjarnanum að skína, leyfa sýningunni að vera það sem hún er, hátíð ólíkra örverka.

Sýningin er afar persónuleg að því leytinu til að það er listrænn stjórnandi hennar, Unnur Elísabet, sem velur höfundana, og þeir síðan semja verkin með hana sjálfa í huga. Þannig dregur hátíðin sem heild, að einhverju leyti a.m.k., upp mynd af henni sjálfri sem listamanni og hugmyndasmið. Þá er það mikilsvert að fá að sjá verk eftir svona stórglæsilegan og ólíkan hóp listamanna, allt í einni hendingu. Þetta felur í sér að við áhorfendur fáum yfirsýn yfir fjölmög og ólík hugðarefni listasenunnar á Íslandi í dag, og þær kræsingar sem hér eru í boði. Sjálfsgagt sýnist sitt



[Smellið til að sjá stærri mynd]

hverjum og eflaust er það smekksatriði hvað fellur í kramið, líkt og þegar við tínum upp í okkur molana úr konfektkassanum. En Unnur Elísabet á mikið hrós skilið fyrir ótrúlegan metnað, hugmyndaflug og mikla vinnu. Ég býð mig fram er tilraunakenndur vettvangur þar sem mörkin milli listgreina eru afmáð, og gleðin, írónián, hið persónulega, líkaminn og dansinn fær að ríkja.